

Fagráð í hrossarækt

85. fundur

Staður og stund: Bændahöllin v/Hagatorg, fimmtudaginn 11. október 2018 kl. 11:00.

Mættir: Sveinn Steinarsson formaður, Erlendur Árnason, Ingunn Reynisdóttir, Hulda Gústafsdóttir, Gunnar Kristinn Eiríksson, Siguroddur Pétursson, Sveinn Ragnarsson, Sylvía Sigurbjörnsdóttir og Þorvaldur Kristjánsson.

Dagskrá:

1. Fundarsetning.
 2. Heiðursverðlauna hryssur 2018
 3. Ræktunarbú ársins 2018
 4. Yfirferð á dómskala
1. Formaður fagráðs setur fundinn og býður fólk velkomið.
 2. Heiðursverðlaun fyrir afkvæmi – Hryssur 2018. Hið alþjóðlega kynbótamat fyrir íslensk hross var reiknað og uppfært nú í lok september. Hvað afkvæmahryssurnar varðar kom í ljós að fimm hryssur hljóta heiðursverðlaun fyrir afkvæmi í ár en lágmörk til þeirra verðlauna eru að minnsta kosti fimm dæmd afkvæmi og 116 stig í kynbótamati aðaleinkunnar. Þessar hryssur eru (fjöldi dæmdra afkvæma í töflu á við fjölda afkvæma sem hlotið hafa fullnaðardóm):

<i>Hryssa:</i>	<i>Stig:</i>	<i>Dæmd afkvæmi:</i>
Djörfung frá Ketilsstöðum	123	5
Dögg frá Breiðholti, Gbr.	121	6
Arndís frá Feti	117	5
Eva frá Hvolsvelli	117	5
Elding frá Lambanesi	116	8

Hryssurnar í 3. og 4. sæti eru báðar með 117 stig og eru það aukastafir sem skilja þær að. Efsta hryssan í ár er Djörfung frá Ketilsstöðum og hlýtur hún því Glettubikarinn.

3. Tilnefningar til ræktunarbús ársins 2018. Lagt var fram yfirlit yfir árangur hjá 49 ræktunarbúum á árinu sem öll stóðust lágmarksskilyrði til skoðunar varðandi ræktunarbú ársins. Við valið var unnið eftir nýjum reglum um val á ræktunarbúi ársins sem samþykktar voru á fundi fagráðs 22. febrúar í ár, þessar reglur eru nú aðgengilegar á heimasíðu Félags hrossabænda. Að þessu sinni voru tilnefnd 12 bú en það er orðið fast í reglum að efstu 12 búin er tilnefnd ár hvert. Í stafrófsröð eru þau:

Berg, Anna Dóra Markúsardóttir og Jón Bjarni Þorvarðarson
Fet, Karl Wernersson

Garðshorn á Þelamörk, Agnar Þór Magnússon og Birna Tryggvadóttir Thorlacius
Hamarsey, Hannes Sigurjónsson og Inga Cristina Campos
Íbishóll, Elisabeth Jansen og Magnús B. Magnússon

Ketilsstaðir/Syðri-Gegnishólar, Bergur Jónsson og Olil Amble
Steinnes, Magnús Jósefsson, Líney Árnadóttir og fjölskylda
Steinsholt, Jakob S. Sigurðsson og Sigurður G. Sigurðsson
Stóra-Vatnsskarð, Benedikt G. Benediktsson
Stuðlar, Edda Björk Ólafsdóttir og Páll Stefánsson
Torfunes, Baldvin Kr. Baldvinsson
Þúfur, Gísli Gíslason og Mette Mannseth

Sigurvegjarinn árið 2018 er Ketilsstaðir/Syðri-Gegnishólar, Bergur Jónsson og Olil Amble.

4. Farið var yfir uppkast að nýjum dómskala fyrir hæfileika sem Þorvaldur lagði fram og fór mesti tíminn í að fara vel yfir þau drög. Markmiðið er að skalinn verði skýrari og handhægari í notkun og leiði til bætts samræmis á milli dómnefnda. Það er búið að yfirfara lýsingar á öllum einkunnum og bæta verulega við lýsingar, t.d. á stökki, hægu stökki og feti. Þessi drög lögðust vel í fundarfólk og ákveðnar breytingar lagðar til. Uppkast að dómskala fyrir bygginguna verður lagt fram á næsta fundi. Þá verður farið í kynningu á nýjum dómskala í vetur, bæði á Íslandi og á vegum FEIF, þannig að hægt verði að leggja hann fram til samþykktar á aðalfundi FEIF í febrúar 2020 og þá um vorið að vinna eftir honum við dómana.

Fleira var ekki tekið fyrir.

Fundi slitið klukkan 16:00

Við pennann: Þorvaldur Kristjánsson